ALMENNT

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014. Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar ferðaþjónustu og aðstöðu henni tengdri í landi Reynivalla II.

Uppbygging hótels á svæðinu gæti verið tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum viðauka 1, n.t.t. lið 12.05. Við gerð deiliskipulags skal haft samráð við Skipulagsstofnun vegna þess.

FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPULAGSGERÐAR

Reynivellir II liggja vestast í Suðursveit og í um 12 km akstursfjarlægð frá Jökulsárlóni. Fyrirhugað er að reisa hótel á svæðinu auk þess að styrkja þjónustu við ferðamenn og heimamenn svo sem með vöru- og eldsneytissölu auk ýmis konar afþreyingu s.s. sölu á jökla- og gönguferðum, leiðsögn o.fl.

Í rannsókninni *Erlendir ferðamenn í Austur – Skaftafellssýslu og að stöðum þar 2004-2015*, gerð af Rögnvaldi Guðmundssyni árið 2016, kemur fram mikil aukning á heimsóknum ferðafólks til sveitarfélagsins auk þess sem hlutfall milli gistinátta að sumri og vetri innan sveitarfélagsins hefur breyst mikið. Árið 2015 voru um 32% gistinátta utan sumars en einungis 9% árið 2004. Jökulsárlón ásamt Skaftafelli eru fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins og skv. upplýsingum Ferðamálastofu má áætla að um það bil helmingur erlendra ferðamanna sumarið 2016 hafi komið í Skaftafell og að Jökulsárlóni. Samkvæmt tölum frá Vatnajökulsþjóðgarði komu árið 2015 tæplega 511 þúsund gestir að Jökulsárlóni. Í skýrslunni *Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland* sem unnin var fyrir Markaðsstofu Suðurlands kemur fram að helstu veikleikar Suðurlands séu m.a. löng bið á veitingastöðum og þörf fyrir fleiri verslanir. Þessi aukning og fjöldi ferðamanna kallar á fjölbreyttari gistipláss ásamt þjónustu fyrir ferðamenn og þá sérstaklega á þessu svæði þar sem einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins er í seilingarfjarlægð. Aukin umferð ferðafólks yfir vetrartímann, sem og allt árið um kring eykur þörf á þjónustu. Gistiþjónusta, afþreyingarmöguleikar og aðstaða fyrir starfsfólk er þar nauðsynlegur þáttur sem einnig styður við eflingu atvinnulífs á svæðinu og styrkir tekjumöguleika íbúa.

Nú þegar er heimild fyrir uppbyggingu á 320 gistirýmum á Reynivallajörðunum, sem allar eru lögbýli. Því er ekki um aukningu á gistirýmum á svæðinu en samtals eru 200 gistirými á Reynivöllum II og III og 120 gistirými á Reynivöllum I. Markmiðið er að uppbyggingin skiptist á þrjú svæði í stað tveggja, nýtt svæði verði skilgreint sunnan þjóðvegar og samhliða því fækki gistirýmum norðan vegar. Þessi svæði, auk umræddss svæðis mynda því heild sem þjónusta mun ferðamenn og starfsfólk í ferðaþjónustunni á svæðinu austan við Jökulsárlón. Sveitastjórn telur að með uppbyggingu á svæðinu sé meðal annars hægt að stuðla að því að ferðamenn dvelji lengur á svæðinu þar sem þar verði öflug þjónusta með áhugaverðri afþreyingu og fræðslu til ferðamanna og vill því koma til móts við áhuga landeigenda með að heimila uppbygginu á svæðinu.

Endurskoðun á ferðamálakafla aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 er í vinnslu. Þar er farið yfir heimildir til uppbyggingar innan sveitarfélagsins út frá fyrirliggjandi gögnum m.a. út frá rannsókn Rögnvalds Guðmundssonar frá árinu 2016.

Einnig var samþykkt á vormánuðum 2018 breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar sem felur í sér breytingu á 11 svæðum þar sem verið er að veita heimild til uppbyggingar verslunar og þjónustu sem og annarri starfsemi tengdri ferðaþjónustu. Breytingarnar eru af misjöfnum toga þ.e.a.s. þær taka til svæða þar sem ferðaþjónusta er þegar rekin, þar sem fyrirhugað er að nýta núverandi hús undir ferðaþjónustu og heimildum fyrir nýrri uppbyggingu.

Sveitarfélagið er landstórt og mikil fjöldi ferðamanna sækir sveitarfélagið heim eins og farið hefur verið yfir. Þjónusta við ferðamenn á leið þeirra um sveitarfélagið er mikilvægur liður í því að viðhalda ferðaþjónustu á svæðinu og fjölbreytni í gistimöguleikum.

STAÐHÆTTIR OG AÐKOMA

Nýtt þjónustusvæði liggur sunnan þjóðvegar og er í landi Reynivalla II. Svæðið nær frá landamörkum Reynivalla II í austri að Hrollaugshólum. Svæðið er sléttlendi, að mestu gamall framburður Fellsár. Svæðið er skilgreint sem opið svæði í gildandi aðalskipulagi. Svæðið er fremur rýrt, flokkast aðallega sem auravist en einnig er þar graslendi og mólendi sbr. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar. Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi 1, nú þegar eru slóðar inn á svæðið. Hafa þarf samráð við Vegagerðina við gerð deiliskipulags vegna tengingar við þjóðveg.

SAMÞYKKT RÁÐUNEYTIS

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi bréf til sveitarfélagsins dagsett þann 19. apríl 2017. Í bréfinu heimilar ráðuneytið að breyta landnotkun á því landi sem um ræðir í þessari breytingu úr landbúnaðarlandi í aðra landnotkun. Vísar ráðuneytið til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2014.

VEITUR

Vatn verður sótt úr viðurkenndum vatnslindum sem samþykktar hafa verið af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Fyrirkomulega fráveitu verður ákveðin og nánar skilgreind í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands við gerð deiliskipulags fyrir svæðið en horfa skal til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

MINJAR

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að skráning minja sé ekki lokið fyrir allt sveitarfélagið. Eftirfarandi kemur fram í greinargerðinni:

„Sveitarfélagið mun í samráði við Minjastofnun Íslands vinna að skráningu fornleifa á skipulagstímabilinu. Skráningu verður áfangaskipt og svæðum þar sem áform eru um mannvirkjagerð forgangsraðað fremst, t.d. þar sem áform eru um uppbyggingu miðstöðva og lykilstaða vegna ferðaþjónustu.“

Skammt suðvestur af svæðinu er að finna búsetuminjar sem njóta hverfisverndar um er að ræða Hólaskjól sem er skjólgarður skv. kafla 38.9.3 í gildandi aðalskipulagi.

Svæðið er aurasvæði, engar þekktar minjar á svæðinu en unnin verður úttekt samhliða gerð deiliskipulags. Ef áður óþekktar minjar koma í ljós skal tafarlaust haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu þessara breytingar hefur verið horft til eftirfarandi áætlana:

LANDSSKIPULAGSSTEFNA ÍSLANDS

Í gildandi landsskipulagsstefnu kemur eftirfarandi fram í kafla 2.4.1 Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.“

Sérstaða sveitarfélagsins er hvað það er landstórt þar sem langt er á milli þjónustustaða. Sveitarfélagið er auðugt af áhugaverðum svæðum, seglum í ferðaþjónustunni sem hafa verið kortlagðir í gildandi aðalskipulagi. Jökulsárlón er eitt af þessum svæðum sem liggur skammt vestur frá umræddu svæði eins og fram hefur komið.

Breytingin sem um ræðir er liður í því að dreifa ferðaþjónustu í sveitarfélaginu en tryggja samhliða að einhver samfella sé í þjónustunni á þeim svæðum sem fá flesta ferðamenn til sín eins og Jökulsárlón og Skaftafell. Breytingin er talin vera í samræmi við setta stefnu varðandi ferðaþjónustu í dreifbýli skv. landsskipulagsstefnunni.

STEFNA Í GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er stefnumarkmiðið eftirfarandi sem snúa að svæðum líkt og því sem hér er til umræðu:

„Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarfélaginu og að aðalskipulag stuðli að því.“

„Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri eru skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði. Þetta á meðal annars við um nokkra staði þar sem er gert ráð fyrir hótelrekstri í sveitum.“

„Stóra gististaði þarf að staðsetja með tilliti til landslags, byggðarmynsturs, samgangna og samlegðaráhrifa fyrir samfélag og markmið um sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Undirbúa þarf þessa mannvirkjagerð af kostgæfni og vanda hana – byggingarlag, efnisval og allar lausnir þannig að hún samsvari og sómi því umhverfi sem hún verður hluti af.

Stefna um uppbyggingu þessa er:

- *Að hún að hún falli að byggðarmynstri.*
- *Að hún sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.*
- *Að hún taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem ekki er byggð fyrir.*
- *Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds, úrlausnir séu ekki byggðar á óvönduðum bráðabirgðaaðgerðum.*
- *Að hún taki tillit til landgæða – túna og ræktarlands og spilli þeim ekki og gætt umhverfissjónarmiða við ráðstafanir vegna vatnsöflunar og fráveitu.*
- *Að í undirbúningi hennar séu gerð grein fyrir áhrifum hennar á frekari uppbyggingu og breytingar á landnotkun.*
- *Að samræma hana með tilliti til samlegðaráhrifa hennar innan sveitarfélagsins.*

Sveitarfélagið Hornafjörður er í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð um uppbyggingu áningarstaða og skipulagningu á útivist innan þjóðgarðsins og í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki um vöruþróun og markaðssetningu ferðaþjónustunnar sem nær til alls svæðisins.“

„Í Skaftafelli, við Jökulsárlón og á Höfn verða þjónustumiðstöðvar, en jaðarstöðvar og áningarstaðir á lykilstöðum í Suðursveit, Mýrum, Nesjum og Lóni. Lykilstaðir eru þeir taldir sem sakir náttúrufars, sögu eða minja laða að sér ferðamenn. Áhersla er lögð á að á helstu áfangastöðum í fjalllendi og víðerni þjóni mannvirkjagerð fyrst og fremst útivist, en öll meiriháttar uppbygging, gistiþjónusta og greiðasala eigi sér stað í tengslum við bæjarhlöð í sveitunum og á Höfn.“

Í gildandi stefnu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir meginseglum í ferðaþjónustu og að áhersla verði á uppbyggingu í tengslum við þá sem þjónusti ferðamenn. Breytingin er að mati sveitarstjórnar í samræmi við setta stefnu sveitarfélagsins um að efla ferðaþjónustu við megin segla og fjölsóttustu svæðin innan sveitarfélagsins. Við deiliskipulagsgerð fyrir svæðið skal þess gætt að stefna sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi um uppbyggingu stærri gististaða verði meginmarkmið í skipulagsgerðinni.

Ekkert deiliskipulag er á svæðinu né á aðliggjandi svæðum sem taka þarf tillit til við skipulagsgerð.

MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulags- og matslýsing var tekin fyrir í skipulagsnefnd þann 05.04.2017 og kynnt frá 11.04 til 03.05.2017.

Umsagnaraðilar við þessa breytingu eru; Landgræðslan, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Veðurstofan, Skógrækt ríkisins, Ferðamálastofa, Náttúrufræðistofnun Íslands. Tillagan hefur verið send til Skipulagsstofnunar til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin fellst í því að landnotkun á 10 ha svæði er breytt úr landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um landnotkunarflokkinn verslun og þjónusta (VÞ):

„Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.“

Gert verður ráð fyrir að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds líkt og krafist er í gildandi aðalskipulagi (bls. 41).

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti *Suðursveit - Mýrar* verður afmarkað nýtt 10 ha verslunar- og þjónustusvæði og fær númerið VÞ 45. Á reitnum verður heimilt að byggja upp ferðaþjónustu, gistingu/hótel fyrir allt að 200 gesti/100 gistirými.

BREYTING Í GREINARGERÐ

Á blaðsíðu 41 í gildandi aðalskipulagi er gerð breyting á texta fyrir VÞ25 og eftirfarandi línu, vegna VÞ 45 bætt við í töflu 16.2:

VÞ nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VÞ 25	**Reynivellir 3.** Ferðaþjónusta, gisting/hótel. Allt að 200 gestir/100 gistirými. Svæðisafmörkun ~ 8 ha.
VÞ 45	**Reynivellir 2.** Ferðaþjónusta, gisting/hótel. Allt að 200 gestir/100 gistirými. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Svæðisafmörkun 10 ha.



Fyrir breytingu, mkv: 1:50.000.



Eftir breytingu, mkv: 1:50.000.



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti, Suðursveit - Mýrar. Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

Tafla 2. *Umhverfismat valkosta.*

VALKOSTIR	UMHVERFISÞÆTTIR						
	Jarðfræði og jarðmyndanir	Gróður og dýralíf	Landnotkun	Ásýnd og landslag	Minjar	Samfélag	Heilsa og öryggi
1. Núll kostur Grunnástand engin uppbygging.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Neikvæð áhrif - þörf er á að styrkja byggð í sveitarfélaginu	Óveruleg áhrif
2. Óbreytt aðalskipulag Landnotkun fyrir afþreyingar- og ferðaþjónustu og frístundabyggð	Óveruleg áhrif engar jarðmyndanir sem njóta verndar.	Óveruleg áhrif engin gróður sem nýtur verndar né mikilvæg búsvæði dýra.	Óveruleg áhrif engin verndarsvæði skv. aðalskipulagi.	Uppbygging frístundahúsa á 15 lóðum mun hafa áhrif á ásýnd og náttúrulegt landslag á svæðinu sem er flatlent og gróðurrýrt.	Óveruleg áhrif, fyrirhuguð uppbygging er töluvert frá skráðum menningarminjum.	Óveruleg áhrif, gæti þó skapað nokkur stórf.	Hamfarahlaup kunna að skapa hættu áhrif talin óviss.
3. Uppbygging sunnan við þjóðveg Heimilt að byggja þjónustu fyrir ferðamenn m.a. gistirgu fyrir 200 manns.	Óveruleg áhrif engar jarðmyndanir sem njóta verndar.	Óveruleg áhrif engin gróður sem nýtur verndar né mikilvæg búsvæði dýra.	Óveruleg áhrif engin verndarsvæði skv. aðalskipulagi.	Uppbygging mun hafa áhrif á ásýnd og náttúrulegt landslag á svæðinu sem er flatlent og gróðurrýrt.	Á uppdrætti má sjá búsetuminjar skammt frá svæðinu sem eru hverfisverndaðar. Áhrif metin óveruleg.	Skapar aukna atvinnu og styrkir byggð á svæðinu.	Hamfarahlaup kunna að skapa hættu áhrif talin óviss.

Jákvæð áhrif | Neikvæð áhrif | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif

UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu nr. 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Í skipulagslýsingunni sem var sameiginleg fyrir fleiri breytingar voru eftirfarandi umhverfisþættir og matsspurningar settar fram og eru þær notaðar við að meta umhverfisáhrif breytingarinnar. Vinsað hefur verið úr matsspurningum til að meta það sem við á í þessari breytingu:

Tafla 1. *Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.*

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Mun breytingin fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Gróður og dýralíf	Mun breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafli IX. og áhersla á 61. gr.
Landnotkun	Mun breytingin hafa áhrif á verndarsvæði?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafli IV. Gildandi aðalskipulag, hverfisvernd og önnur vernd.
Ásýnd og landslag	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa umtalsverð áhrif á náttúrulegt landslag?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 69. gr. Stefna í gildandi aðalskipulagi um mannvirkjagerða í sveitum.
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?	Sett markmið í gildandi aðalskipulagi um að efla atvinnu í sveitarfélagin.
Minjar	Mun breytingin hafa áhrifa á minjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
Heilsa og öryggi (náttúruvá)	Er hætta á flóðum vegna flóða/jökulhlaupa þar sem fyrirhuguð er uppbygging? Mun breytingin hafa áhrif á tengingar við þjóðveginn út frá umferðaröryggi?	Gildandi aðalskipulag, afmörkun svæða undir náttúruvá. Skýrsla: *„Jökulhlaup í Öræfum og Markórfljóti vegna eldgosa undir jökli. Forgreining áhættumats.“*

VALKOSTIR

Innan jarðarinnar þótti valinn kostur æskilegasta staðsetningin m.a. vegna útsýnis, nálægðar við veg auk þess sem nú þegar eru slóðar að þjóðvegi inn á svæðið og staðsetning hefur lítil áhrif á landbúnað þar sem svæðið er lítt gróið og engin ræktun spillist. Skoðaðir voru þrír kostir;

1. Núll kostur, grunnástand engin uppbygging.
2. Óbreytt aðalskipulag.

Breytt skipulag þar sem verslunar- og þjónustusvæði er skilgreint innan jarðar Reynivalla II.

NIÐURSTAÐA

Umhverfisáhrif valins kostar eru talin óveruleg á fjóra af sjö umhverfisþáttum. Áhrif eru talin neikvæð á ásýnd og náttúrulegt landslag þar sem svæðið er óbyggt. Áhrif framkvæmda á óbyggt svæði hefur ávallt neikvæð áhrif á ásýnd og náttúrulegt landslag eðli málsins samkvæmt. Staðsetning reitsins bíður hinsvegar þeim gestum sem sækja svæðið upp á fallegt útsýni. Leggja skal áherslu á að í deiliskipulagi sé hönnun mannvirkja vönduð og í samræmi við stefnumið sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi n.t.t. þeir skilmálar sem finna má á bls. 41 í greinargerð aðalskipulags. Áhrif á heilsu og öryggi vegna náttúruvár eru talin óviss vegna hamfarahlaupa en leitað verður álits Veðurstofu varðandi þennan þátt á deiliskipulagsstigi m.a. út frá staðsetningu bygginga. Fyrirhuguð framkvæmd innan svæðisins getur aukið atvinnu í sveitarfélaginu og þá sérstaklega í Suðursveit. Áhrif á samfélag eru því talin jákvæð.

Á heildina eru áhrif breytingarinnar óveruleg en að hluta til neikvæð. Ef farið er eftir settri stefnu í aðalskipulagi um uppbyggingu í sveitum, er hægt að draga verulega úr neikvæðu áhrifunum á ásýnd og náttúrulegt landslag. Skipulagið mun hafa jákvæð áhrif á byggð á svæðinu þar sem gera má ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum og að byggð styrkist með aukinni uppbyggingu þjónustu.

BREYTING AÐ LOKNUM AUGLÝSINGATÍMA:

Að loknum auglýsingartíma, 5.mars 2018 var greinargerð og uppdráttum breytt lítillega.
Áfram verður gert ráð fyrir frístundabyggð(F16) og afþreyingarsvæði(AF14) í aðalskipulagi.
Hnykkt var á ákvæðum varðandi flóðahættu á Reynivöllum 3 (í töflu).
Breyting á texta í forsendukafla eftir ath. frá Skipulagsstofnun dags. 9. október 2018.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í

skipulagsnefnd: þann 4/4 2018

Bæjarstjórn: þann 9/5 2018

Tillagan var auglýst frá 18/1 2018

með athugasemdafresti til 5/3 2018

Matthildur Ásmundardóttir
(undirskrift)

BÆJARSTJÓRI HORNAFJARÐAR

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010
þann 4.12.2018

HORNAFJÖRÐUR

Aðalskipulagsbreyting Reynivellir II

2525-020 - Reynivellir 2	Mælikvarði 1:50.000	Stærð A2	V01
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dags. 10.01.2018	Teikn. nr. 001	Teiknað af EDÞ/ÞRS

EFLA VERKFRÆÐISTOFA